

## Tíu hnífar í hjartastað. Bradford Hill viðmiðin um orsakir sjúkdóma. Bólusetning við covid-19

Nýlega birti norski félagsskapurinn "Frjálsræði við bólusetningu" (Fritt Vaksinevalg), grein um svokölluð Bradford Hill viðmið, sem notuð eru, þegar lagt er mat á orsakir sjúkdóma og áhrif lyfja.

Í þessu efni eru margar skynjunar- og íhugunargildir, sem vöktu athygli fyrir öldum síðan. T.d. er mönnum tamt að álykta, að þegar tveir atburðir eiga sér stað samtímis, að annar valdi hinum. Þetta skoðuðu þýskir tilraunasálfræðingar á ofanverðri nítjándu öldinni. Sama má segja um tölfræðilegar breytur. Fylgni þeirra segir í raun ekkert um orsakasamhengi.

Enski faraldurs- og líftölfræðingurinn, Austin Bradford Hill (1897-1991), kynnti 1965 „snaga“ sína eða viðmið til glöggvunar á „orsakasamhengi“ margvíslegra innri og ytri þátta við skoðun sjúkdóma og sjúkdómsskilning. Austin beitti t.d. þessari aðferð til að sýna fram á orsakasamband reykinga við lungnakrabba. Hann benti einnig á nauðsyn handahófsúrtaks við rannsóknir á lyfjum og lækningum.

Greinin fjallar um afleiðingar, aukaverkanir eða meinviðbrögð, við covid-19 bólusetningum. Heimildavinnan er ítarleg. Ég stikla á stóru um nokkur aðalatriði hinna níu (tíu) viðmiða.

**1. Framvinda (tidsforlöp):** Áhrifin koma í ljós í kjölfar orsakar. Sé búist við síðbúnum áhrifum eða afleiðingum, skal þeirra fyrst verða vart, eftir áætlaða seinkun.

Árið 2020 var umframdauði ekki skráður. Það gerðist fyrst ári síðar. Nú sýna niðurstöður rannsókna úr 17 þjóðríkjum umframdauðsföll, sem nema 17 milljónum manna. Það hefur ekki verið sýnt fram á, að aðrar breytur en bólusetning skýri þessa breytingu. Líklegt má telja, að einn skammtur af þúsund drepri hinn bólusetta.

„Veikindaleyfi hafa færst verulega í vöxt. Svo fremi, að orsök þessa feli í sér banvænan sjúkdóm, t.d. krabba og hjartasjúkdóm, gæti svo farið, að „dauði“ muni flokkast sem „algeng“ aukaverkun, þ.e. einn skammtur af hundrað gefnum.“ Reyndar var það svo, að eitrun var misjöfn eftir framleiðslulotum.

Skert frjósemi er einnig algengur fylgikvilli um allan heim. Læknatímaritið, Lancet, spáir verulegri, aukinni ófrjósemi á næstu árum. Skert frjósemi, ásamt með umframdauða, leiðir til fólksfækkunar, sem nemur milljónatugum.

Að þessu sögðu er varla unnt að komast hjá þeirri ályktun, að viðmiði um framvindu sé fullnægt.

**2.Fylgnistyrkur** (korrelasjon mellom ulike verdier): Þegar gildi við mælingar á orsök og áhrifum (fylgikvilla) hreyfast í sömu átt, má álykta, að um samband sé að ræða. Þeim mun öflugri sem talnagögnin eru, því sterkari eru rökin fyrir ályktuninni.

Notaðir bóluefnaskammtarnir eru nú 13.5 milljarðar á alheimsgrundvelli. Þær þjóðir, sem mest hafa bóluset, verða vitni að mestu umfram dánartíðninni. Ísland er í þeim hópi. Fjöldi aukaverkana helst í hendur við magn bóluefnis.

**3.Bóluefnisstyrkur** (biologisk gradient): Venjulega er það svo, að aukning bóluefnis leiði til aukinna (mein)áhrifa, enda þótt stundum leysi óverulegur skammtur áhrifin úr læðingi.

Opinberar tölur frá Bretlandi t.d. sýna, að „fólk á aldrinum 18 til 39 ára, sem fengið hafur fjórar sprautur, býr við 318% meiri áhættu á að týna lífinu – án tillits til orsakar – í samanburði við óbólusett fólk á sama aldri.“

Því má álykta sem svo, að þessu viðmiði sé fullnægt.

**4.Samkvæmni** (reproduserbarhet): Það styrkir sambandið, þegar sams konar uppgötvanir eða niðurstöður berast úr ýmsum áttum og með mismunandi aðferðum.

Þetta er t.d. áberandi, þegar hjartasjúkdómar í kjölfar bólusetninga með mRNA eru skoðaðir, t.a.m. við krufningar. Yfirvöld forðast að tala um þetta.

„Því má segja, að Bradford Hill viðmiðinu um samkvæmni sé fullnægt, hvað mRNA bóluefnið varðar. [Það eru] mýmargar rannsóknir, sem sýna orsakasamhengi við alvarlegan, banvænan hjartasjúkdóm.“

**5.Þekking** (samsvar með eksisterende kunnskap): Þegar svo háttar til, að gaumgæfð áhrif megi skýra á grundvelli þeirrar þekkingar, sem fyrir liggur, aukast líkur á orsakasambandi.

Það liggur fyrir mýgrútur rannsókna á hjarta- og æðasjúkdómum. „Því má slá því föstu, að þeir sjúklingahópar, sem nú búa við hjarta- og æðasjúkdóma, þar á meðal unglingar, íþróttamenn, hermenn og flugmenn, ættu síst að vera fórnarlömb svo víðtækra hjartakvilla.“

Í einni rannsóknanna á grundvelli aukaverkanaskrár Bandaríkjanna, kom í ljós, að í kjölfar bólusetninganna 2021 jukust skráningar á hjartavillum (myocarditis) 223 sinnum í samburði við meðaltalsskráningu allra bólusetninga síðustu þrjátíu árin.

Það virðist óhætt að fullyrða, að viðmiðinu um þekkingu um samband hjartasjúkdóma og mRNA bólusetningu sé fullnægt.

**6.Tilraunir** (dyreforsök og tilsvarende): Líkur á orsakasamhengi aukast, þegar samhljómur er milli niðurstaðna rannsókna og athuganna á vettvangi.

Af rannsókn á músum má draga tvenns konar lærdóm. Annars vegar, að broddhvítan (spike protein) sé eitruð, og hins vegar, að læknávísindi samtímas geti verið görótt.

Skilyrt mótefnaelnun (Antibody Dependent Enhancement) sjúkdóms er einnig afar áhugavert fyrirbæri, sem hefur skýrst við rannsóknir og tilraunir í sambandi við mRNA bóluefnin. Það felur í sér, að mótefnin (antibody) eyða ekki mótefnavakanum (sjúkdómsvaldinum- antigen), heldur tengjast honum.

Þannig ferðast mótefnavakinn (sóttkveikjan) óareittur um ónæmiskerfið eins og hver annar Trójuhestur. Því elnar sóttin, sýkingin eykst, fólk verður veikara en ella. Þessi aukaverkun hefur verið lengi kunn, enda var haft á orði í bandarískri skýrslu frá 2021, að nauðsyn bæri til að afla sérstaks samþykkis þess, sem bólusetja ætti.

Það virðist því ljóst, að viðmiðinu um tilraunaniðurstöður sé fullnægt.

**7.Trúverðugleiki** (plausibilitet): Sé um að ræða trúverðugt samband orsakar og (mein)áhrifa, bendir það til orsakasambands.

Slíkt samband hafa nokkrir sérfræðingar eftirminnilega bent á (Luc Montagnier, Peter A. McCullough, Robert Malone, Michael Yeadon, Angus Dalgleish og fl.), þrátt fyrir tilburði yfirvalda og hagsmunaaðilja til þöggunar.

Réttarlæknar hafa bent á, að verulegar líkur séu á, að mRNA bóluefnin hafi valdið dauða. Sjónum er sérstaklega beint að broddhvítunni.

Því virðist óhætt að áætla, að viðmiðinu um trúverðugleika sé fullnægt.

**8.Sértæki** (spesifisitet – unike egnaskaper i forhold til hvem, hva og hvor): Líkur á sambandi eykst, þegar átt er við tiltekinn, afmarkaðan samfélagshóp, eða þjóð innan tiltekinna marka – og eins þegar annars konar sjúkdómur þykir ekki líkleg skýring.

Réttarlæknar, útfararstjórar og skurðlæknar, hafa bent á, að samfara mRNA bólusetningum hafi komið í ljós nýr og sértakur hjartasjúkdómur. Í æðum

bóluefnabegans myndast langir, hvítir blóðtappar, sem geta verið allt að einum metra á lengd.

Því má segja, að viðmiðið um sértæki sé fullnægt, broddhvítan veldur alveg einstökum blóðtöppum.

**9.Samsvörun, hliðstæða** (analogi – líkhetstrekk með andre ársaksmekanismer): Það er vísbending um samband, sé um að ræða samsvörun milli þeirra áhrifa, sem skoðuð eru, og annarra hliðstæðra áhrifa.

Uppsöfnun hvítu (prótíns) á sér stað í kjölfar mRNA bólusetninga eins og á sér stað t.d. við sjúkdóma, þar sem uppsöfnun mýlidis (amýlóíð – amyloid – sykurrhvíta) veldur glöpum, Alzheimers.

Uppsöfnun hvítu á sér einnig stað í lifur, nýrum, hjarta, milta og brisi. Hinar nýju tegundir blóðtappa kynnu að vera dæmi um þetta. Dauði sökum bráðatappa er kallaður „Bráðkveðjuheilkenni fullorðinna“ (Sudden Adult Death Syndrome).

**10.Hugsanleiki/gagnhvarf** (afturkræfni- eventulett/reversibilitet – fjerneing av utlösende ársak): Takist að fjarlægja orsök, ættu afleiðingar eða áhrif einnig að hverfa. Gagnhvarf er viðmið eingöngu, þar sem það gæti átt við.

Afturhvarf á trúlega ekki við í þessu efni, því mRNA virðist valda breytingum á erfðaeafninu. Alla vega ekki hjá þeim, sem þegar hafa veikst, orðið fyrir meináhrifum á borð við krabba eða hjartasjúkdóm.

Vafalaust munu einhverjir draga gildi þessara viðmiða í efa, fremur en að bera rök á borð. Einn þjálfí getur hæglega spurt fleiri spurninga, en tíu vitringar gætu svarað. En aðferðin er engu að síður haldbetri aðferð yfirvalda, þ.e. að flögra um eins og hauslausar hænur.

Það var margt áhugavert í „veiruvitfirringunni.“ T.d. var ívermektín, lyf, sem er tiltölulega öruggt og gagnlegt, úthrópað sem hrossakúr. Þrátt fyrir, að yfirlitsrannsóknir frá Cochrane gagnagrunninum sýndu fram á, að grímunotkun væri ekki bara vita gagnslaus, heldur yki smithættu, gerði Landlæknisembættið hana að skyldu. [Mér virtist á viðtölum í RÚV, að lögreglumaður væri aðalvitringur yfirvalda um grímur.]

Ímyndanir yfirvalda um einkennalausar smitun er hugvilla. PCR prófið var greiningarfimbulfamb. Það náði ekki einu sinni að greina milli þeirra, er létust úr kvefi og dóu í bifhjólalysi. [Afríkuleiðtogi einn sýndi fram að, að PCR greindi covid-19 í kálhousi – eða einhverju þvíumlíku grænmeti. Hann lést skyndilega úr covid-19.]

Fjölmiðlaþvælan var afkáraleg. T.d. var um það rætt af miklum tilfinningahita, hvaða samhljóðar í jólasöngvum yllu mestu smiti. Lokanir og læsingar ullu neikvæðum straumhvörfum í samfélaginu; á hag manna, fjölskyldulíf, afbrotatíðni, menntun, heilsu og svo framvegis.

Aðfarir gegn hinum óbólusettu voru víða svívirðilegar. Fram komu hugmyndir um einangrunarbúðir, fangelsi, uppsagnir, svo eitthvað sé nefnt. Í Noregi lagði prófessor Morten Kinander til, að draga laun af opinberum starfsmönnum, sem neituðu að láta sig bólusetja og/eða setja þá í stofufangelsi.

Það kvað rammt að „veiruvitfiringunni.“ Sumum stjórnámálamönnum og öðrum áhugasömum hefur nú dottið í hug að rannsaka þjóðamorðin.

<https://embryo.asu.edu/pages/austin-bradford-hill-1897-1991>

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1291382/>

<https://www.acsh.org/news/2017/10/31/acsh-explains-hills-criteria-determining-causality-correlation-12013>

[https://steigan.no/2024/05/ti-kniver-i-hjertet/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ti-kniver-i-hjertet/?utm_source=substack&utm_medium=email)